

á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað reikninga yfir ferðakostnað m. m. í máli **100**
 nokkru milli Bólstaðarhlíðarhrepps og Gunnlaugs bónda Gunnlaugssonar á Syðriey — en 12. okt.
 þjer höfðuð veitt tjeðum hreppi gjafsókn fyrir undirrjettinum til að höfða mál þetta —
 og hafið þjer lagt það til, að jeg ávísi upphæð reikninganna úr landssjóði þrátt fyrir
 það, þótt málið ekki væri leitt til lykta með dómi, heldur endaði með sætt milli máls-
 partanna.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar
 og frekari birtingar, að þegar gjafsókn er veitt, hefur sá málsparturinn, sem hennar nýt-
 ur, enga heimild til að ganga að þeirri sætt, er leggi kostnað á landssjóðinn, eins og yfir
 höfðuð kostnaður í gjafsóknarmálum aðeins verður greiddur eptir dómi, sbr. lög 12. júlí
 1878 5. gr., og sje jeg mjer því eigi fært, að ávísa upphæð ofan nefndra reikninga, sem
 hjer með endursendast.

*Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sýslu-
 sjóðsgjald af Hlíðar- og Fremrinámum.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, **101**
 herra amtmaður, í brjefi 24. ágúst þ. á., um kærú hreppsnefndarinnar í Skútustaðahreppi 14. okt.
 yfir því, að jafnað hafi verið á hrepp þenna sýslusjóðsgjaldi eptir jarðarhundraðatali
 hreppsins að meðtölu hundraðatali Hlíðar- og Fremrináma, skal jeg þjónustusamlega
 skora á yður að gefa tjeðri hreppsnefnd til vitundar, að með því að sýslusjóðsgjaldið
 samkvæmt 40. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 ekki hvílir á hinum ein-
 stöku jarðeigendum eptir hundraðatali jarðanna, heldur er jafnað niður á hreppana í
 sýslunni eptir jarðarhundraðatali hreppanna eptir jarðabókinni, og síðan jafnað niður á
 hreppsþúa í hverjum hreppi eptir alt öðrum reglum, þá geti eigi komið til tals að lands-
 sjóður sem eigandi Hlíðar- og Fremrináma endurgjaldi Skútustaðahreppi gjald það er á
 hann hefur verið lagt vegna námanna, en aptur á móti verð jeg þrátt fyrir skoðun þá,
 sem fram er komin í landshöfðingjabrjefi 25. maí 1881. að álíta að það eptir rjettum
 skilningi á 40. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar sje Helgastaðahreppur, sem námurnar
 eru heimfærðar til í jarðabókinni frá 1861, en eigi Skútustaðahreppur, sem á að bera
 sýslusjóðsgjald það er til námanna svarar.

*Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
 greiðslu kostnaðar af vitnaleiðslu um hreppshelgi sveitarómaga.* — Með þóknanlegu **102**
 brjefi 21. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað meðfylgjandi reikning frá sýslumanni 15. okt.
 í Dalasýslu, Halldóri Daníelssyni, yfir kostnað af vitnaleiðslu haldinni eptir beiðni sýslu-
 mannsins í Strandasýslu til upplýsingar um hreppshelgi sveitarómaga, og hafið þjer með
 skírskotun til þess, að samskonar kostnaður hafi stöku sinnum áður verið greiddur úr
 amtsjafnaðarsjóði, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 8. maí 1848 og 23. desbr. 1856 skotið því
 til mín, hvort jeg vildi ávísa upphæð reikningsins, 18 kr., úr landssjóðnum samkvæmt
 lögum 2. nóv. 1877, 2. gr.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknan-
 legrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanni Halldóri Daníelssyni, að jeg eigi álit
 neina heimild vera til þess í lögum 2. nóv. 1877 eða annarstaðar, að greiða kostnað
 þann, er hjer um ræðir, úr landssjóði, en sýslumaðurinn á aptur á móti kröfu til, að fá